# LÖG

**um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (setning í prestsembætti).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Nú er sóknarpresti eða presti veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum og getur þá biskup Íslands falið öðrum presti að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 2011.*

**Steingrímur J. Sigfússon.** **Ásta R. Jóhannesdóttir.** **Markús Sigurbjörnsson.**

(L. S.)

*Ögmundur Jónasson.*

A-deild – Útgáfud.: 29. júní 2011